

Sþ.

397. Tillaga til þingsályktunar

[205. mál]

um vinnuauglýsingar hins opinbera.

Flm.: Bjarni Guðnason, Inga Birna Jónsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gefa út þegar í stað fyrirmæli um það, hvernig auglýsingar um lausar stöður við ráðuneyti, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki skuli vera úr garði gerðar, þannig að viðunandi sé. Þessi fyrirmæli verði síðar höfð til hliðsjónar við endurskoðun laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sem nú er fyrirhuguð.

Greinargerð.

Að öllum jafnaði er látið nægja, þegar auglýstar eru stöður hjá hinu opinbera, að greina mjög lauslega frá því, í hverju starfið sé fólgið og hverjir séu æskilegir hæfileikar eða menntun umsækjenda. Yfirlitt er vinnuauglýsingum þessum ábótavant um þrennt:

1. Það er ekki fátítt, að auglýst sé eftir fólki, án þess að greint sé frá því, um hvaða stofnun eða fyrirtæki sé að ræða. Það mætti ætla, að það skipti umsækjendum litlu, hjá hvaða stofnun þeir ynnu. Menn gætu í rauninni sótt um starf hjá fjölmörgum stofnunum hins opinbera án þess að hafa hugmynd um nafn á einni einustu þeirra.

2. Sjaldnast fylgja nokkrar upplýsingar um kaup eða starfsaldurshækkningar, nema í bezta falli, að laun séu samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. En hvað það merkir, er oft óljóst. Starfsheitin ein segja ekki fulla sögu um launakjör, og byrjunarlaun eru annað en laun eftir fulla starfsþjálfun. Að sjálfsögðu verður að gera kröfu til fullrar starfslýsingar í auglýsingum af þessu tagi auk þess, að skýrt sé frá byrjunarlaunum og launum við fulla starfsþjálfun.

3. Í auglýsingum bólar mjög á misrétti milli kynjanna. Það er segin saga, að til flestra láglaunastarfa, svo sem vélritunar, símaörzlu o. fl. er beðið um stúlkur, en til flestra hálaunastarfa er óskað eftir karlmönnum. Þetta vitnar um úreltan hugsunarhátt og er ekki verjandi. Banna á að heimta ákveðið kynferði af umsækjendum.

Í 5. grein laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1954, þar sem fjallað er um auglýsingar um störf hjá hinu opinbera, vantar þau þrjú atriði, sem að ofan greinir. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til nýrra laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það fékk ekki afgreiðslu, en í 6. grein þess frumvarps, sem svarar til 5. greinar núgildandi laga, skortir einnig framangreind þrjú atriði. Það er því bersýnilega ekki sjáanleg breyting á þessu.

Án efa mun sumum þykja það mál, sem hér er hreyft, litlu skipta. En svo er þó ekki, ef að er gáð. Allir vita, að eitt mesta vandamál í lýðræðisríkjum er það bil, sem myndast milli ríkisvalds og almennings og virðist fara vaxandi. Þess vegna er nauðsynlegt að svipta hulunni af gerðum hins opinbera, svo að það komi ekki fram eins og leyniregla með dulmálstáknum. Hið opinbera á að sýna almenningi og í þessu tilviki umsækjendum fulla virðingu og kurteisi. Samþykkt þessarar tillögu mundi án efa stefna í rétta átt.